

Fundur í fjallskiladeild Víðdælinga, haldinn þriðjudagskvöldið 1.júlí 2014 kl. 21:00 í Dæli

Júlíus Guðni Antonsson setti fund, Maríanna Eva Ragnarsdóttir ritaði fundargerð.

1. Kosið í embætti.
Formaður kjörinn Maríanna Eva Ragnarsdóttir, ritari Júlíus Guðni Antonsson og varaformaður Sigtryggur Sigurvaldason.
Sigtryggur Sigurvaldason tók ekki þátt í kosningu til embætta.
Sigtryggi eru þökkun góð störf í embætti formanns frá upphafi – eða í 16. ár.
2. Sigtryggur kynnti framlag sveitastjórnar til styrkvega, kr. 1.500.000 til styrkvega í Víðidal.
3. Tímagjald skv. ákvörðun sveitastjórnar er kr. 2.190 klst.
4. Stefnt er að því að reyna að að semja við tækjaeigendur um tímagjald vegna vegagerðar með það að markmiði að ná niður verði.
5. Sveinbjörn Magnússon mun sjá um viðhald girðinga að vestan og klára endurnýjun á girðingu milli Valdarássels og Króks. Ingvar Ragnarsson mun sjá um viðhald að vestanverðu.
6. Rætt um réttarviðhald. Finna þarf aðila til að taka að sér viðhald á Valdarásrétt.
7. Rætt um viðhald á skálum. Ekki hefur verið hægt að meta viðhaldspörf skálanna þar sem ekki hefur verið fært frameftir.
8. Formanni falið að hafa samband við skrifstofu sveitafélagsins og knýja á um að upplýsingar um búfjárfjölda í deildinni liggi fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Sigtryggur Sigurvaldason
Júlíus Guðni Antonsson
Maríanna Eva Ragnarsdóttir